

Atvinnuvegaráðuneytið
Samráðsgátt, mál nr. S-32/2026

Reykjavík, 26. febrúar 2026

Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (SRDII)

Landssamtök lífeyrissjóða (LL) vísa til samráðsferils atvinnuvegaráðuneytisins um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (frumvarpið). Með frumvarpinu verða innleidd ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/828 frá 17. maí 2017, um breytingu á tilskipun 2007/36/EB að því er varðar hvatningu til þátttöku hluthafa til lengri tíma (SRDII) og ákvæði framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1212 frá 3. september 2018, um lágmarkskröfur varðandi framkvæmd ákvæða tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/36/EB að því er varðar auðkenningu hluthafa, sendingu upplýsinga og að auðvelda hluthöfum að nýta sér réttindi sín.

LL fagna framkomnum frumvarpsdrögum og telja jákvætt að hvetja eigi til langtímapátttöku hluthafa og að skýr rammi sé um samskipti hlutafélaga og fjárfesta.

Lífeyrissjóðir falla ekki undir skilgreiningu frumvarpsins á stofnanafjárfestum (sbr. 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins) og er það í samræmi við tilskipunina. Ljóst er að skyldur sambærilegar þeim sem frumvarpið leggur á stofnanafjárfesta gilda nú þegar um lífeyrissjóðina að vissu marki. Sé vilji til að samræma frekar þær kröfur sem gerðar eru til stofnanfjárfesta samkvæmt SRDII og til lífeyrissjóða færi betur á því að velja einstök ákvæði sem gilda um stofnanafjárfesta samkvæmt SRDII og finna þeim einnig stað í lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

LL vilja koma á framfæri tveimur ábendingum sem snúa að þýðingu hugtaka:

- Í 2. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 79. gr. a í núgildandi lögum um hlutafélög. Þar segir nú að samþykkja skuli starfskjarastefnu félagsins varðandi laun og aðrar greiðslur til forstjóra og „annarra æðstu stjórnenda félagsins, svo og stjórnarmanna þess.“ Með frumvarpinu verður þessari grein breytt þannig að samþykkt sé starfskjarastefna varðandi laun og aðrar greiðslur til „meðlima félagsstjórnar, framkvæmdastjóra og annarra þeirra er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins.“ LL telja heppilegra að notast áfram við hugtakið „annarra æðstu stjórnenda“, of takmarkandi sé að miða upplýsingagjöfina aðeins við þá sem hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins.
- Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að bætt verði við nýrri grein, 79. gr. b. Þar segir að þegar starfskjarastefna er endurskoðuð skuli í henni útskýra allar „mikilvægar

breytingar“ og lýsa þeim. Væntanlega er hér um að ræða þýðingu á hugtakinu „material change“ sem LL leggja til að verði frekar þýtt sem „efnislegar breytingar“.

Þá vísa LL til 1. til 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins, þar sem innleidd er 4. mgr. 9. gr. c í tilskipuninni. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að í félagi þar sem hlutabréf hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði skuli mikilvæg viðskipti milli félagsins og tengdra aðila samþykkt af stjórn félagsins áður en viðskiptin eru framkvæmd. Eru mikilvæg viðskipti skilgreind sem þau viðskipti þar sem gangvirði viðskiptanna er 5% eða meira af heildareignum samkvæmt síðasta birta samstæðureikningi. LL vekja þannig athygli á því að í Noregi hefur verið miðað við að hluthafafundur þurfi að samþykkja slík viðskipti ef þau nema 2,5% heildareigna og fellur atkvæðisréttur tengda aðilans jafnframt niður við atkvæðagreiðsluna. Þá er í Svíþjóð miðað við að öll viðskipti við tengda aðila sem nema 1 milljón sænskra króna og 1% af markaðsvirði félagsins þurfi samþykki hluthafafundar.¹ Með vísan til þessa er afar brýnt að framkvæmd verði greining á því hvort gengið sé nægjanlega langt í frumvarpsdrögum til að vernda hagsmuni minnihlutaeigenda.

Loks er í 4. mgr. 5. gr. frumvarpsins að finna innleiðingu á 3. mgr. 9. gr. c í tilskipuninni. Í frumvarpinu er þó ekki gerð krafa um að tilkynningu um mikilvæg viðskipti við tengdan aðila fylgi skýrsla óháðs þriðja aðila, stjórnar eða endurskoðunarnefndar félagsins þar sem farið er yfir sanngirni og réttmæti viðskiptanna (e. fair and reasonable) fyrir félagið og þá hluthafa sem ekki eru aðilar að viðskiptunum. LL telja að slík skýrsla kynni að vera mikilvæg forsenda þess að minnihlutaeigendur geti tekið upplýsta afstöðu til viðskiptanna.

Að þessu sögðu ítreka LL stuðning sinn við markmið frumvarpsins og eru reiðubúin til að aðstoða ráðuneytið varðandi ofangreind atriði.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri

¹ Sjá [§ 3-13](#) norsku hlutafélagalaganna og [kafla 16a § 2](#) sænsku hlutafélagalaganna.

Þórey Sigríður Þórðardóttir



Undirritað af:
Þórey Sigríður
Þórðardóttir
1709674539
Dags: 26.02.2026
Tími: 10:49:44
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 23f00efb-6035-
42ff-b011-a37e8af0365b